

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Flatahverfi á Hvanneyri, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar samþykkti á fundi sínum nr. 60 14. ágúst 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis á Hvanneyri.

Breytingin tekur til breytingar á skipulagsskilmálum, sérteikningum/byggingarskilmálum og skipulagsuppdrátti er varðar lóðir á Hrafnafliot og húsgerð nr. 2. Með breytingunni er heimilt að byggja fjögurra íbúða raðhús við Hrafnafliot 2, 4 og 6 í stað þriggja íbúða. Raðhús við Hrafnafliot 1, 3 og 5 verða áfram með þremur íbúðum en lóðamörk hliðrast. Breytingin er ekki í ósamræmi við þá byggð sem fyrir er t.d. hvað varðar notkun, útlit og form svæðis en nýtingarhlutfall breytist í samræmi við heimildir sem gefnar eru í aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags haldast óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 18. ágúst 2025.

Ásgerður Hafsteinsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 1. september 2025